

Litla upplestrarkeppnin í 4. bekk

í grunnskólum Hafnarfjarðar og á Álftanesi

skólaárið 2013-2014



Litla upplestrarkeppnin í 4. bekk
18 lokahátíðir í Hafnarfirði
vorið 2014

Það var haustið 2010 að ákveðið var að láta á það reyna hvort grundvöllur væri fyrir þróunarverkefni í 4. bekk í anda Stóru upplestrarkeppninnar sem átti 15 ára afmæli í Hafnarfirði það árið. Efnit var til nokkuð margra funda með umsjónarkennurum þessa árgangs og er skemmst frá því að segja að hugmyndin fékk góðar viðtökur og með stuðningi frá Skólaskrifstofu var mótað nýtt þróunarverkefni sem nú í vor endaði með 18 hátíðum í öllum grunnskólunum. Verkefnið er formlega sett af stað á degi íslenskrar tungu í nóvember og frá upphafi er lögð mikil áhersla á samvinnu við heimilin og að fá foreldra til að taka virkan þátt í verkefninu. Fá verkefni eru betur til þess fallin að auka slíka samvinnu því allir gera sér grein fyrir því hve lestrarnámið er mikilvægt og hversu góður árangur í lestri styrkir nemendur á öðrum vettvangi og markmiðið er einnig að efla sjálfstraust nemendanna. Óhætt er að segja að verkefnið hefur staðið undir öllum væntingum og virðist kærkomið og veitir stuðning við það góða starf sem unnið er á þessu aldurstigi í grunnskólum Hafnarfjarðar.

Kennarar skila greinargerð að vori og það er samróma álit þeirra að Litla upplestrarkeppnin sé verkefni sem skili miklum árangri og að þeirra mati góður grunnur að betri lestrarfærni og skilningi á því efni sem nemendur lesa. Markmið verkefnisins er að geta lesið upp sjálfum sér og öðrum til ánægju og er það ávallt haft að leiðarljósi að allir nemendur komi fram á hátíðunum og lesi ýmist í talkórum eða á þann hátt sem kennari stýrir hátíðinni. Allir eru sigurvegarar, allir fá viðurkenningarskjal og markmiðið með keppnishugtakinu er **að verða betri í lestri í dag en í gær**. Fleiri bæjarfélög feta nú í fótspor grunnskólanna hér og er það sérlega ánægjulegt að vagga þessa verkefnis sé hér í Hafnarfirði eins og Stóru upplestrarkeppninnar.

Ingibjörg Einarsdóttir

Skrifstofustjóri Skólaskrifstofu Hafnarfjarðar

Litla upplestrarkeppnin skólaárið 2013-2014

Að verða betri í dag en í gær

Til foreldra barna í 4. bekkjum grunnskólanna í Hafnarfirði og á Álftanesi

Haustið 2010 kom fram sú hugmynd að efna til nýs átaks í upplestri og munnlegri tjáningu í tilefni af 15 ára afmæli Stóru upplestrarkeppninnar í 7. bekk. Að höfðu samráði við alla kennara í 4. bekk varð niðurstaðan sú að fara af stað með verkefni í anda Stóru upplestrarkeppninnar, með sömu markmið að leiðarljósi en sníða verkefnið að aldri og þroska nemenda í 4. bekk. Niðurstaðan varð sú að kalla verkefnið **Litlu upplestrarkeppnina** þar sem markmiðið væri að keppa að betri árangri og bæta upplestur en í keppni fælist fleira en að keppa við aðra. Litla upplestrarkeppnin hefur nú verið í gangi þrisvar sinnum og er skemmst frá því að segja að verkefnið hefur gengið sérlega vel og er greinilegt að verkefnið er að festa sig í sessi og nú þegar hafa fleiri bæjarfélög bæst í hópinn og gengur vel.


Undirbúinn upplestur þarf að vera á dagskrá flesta daga frá degi íslenskrar tungu þ. 16. nóvember, en þá fer verkefnið formlega af stað í skólunum, og fram í apríl. Allir nemendur í bekknum/árganginum eru með í verkefninu og kennarar munu leitast við að miða kennsluhætti við hæfni og þroska hvers og eins. Verkefninu lýkur síðan með upplestrarhátíð þar sem allir nemendur leggja sitt af mörkum og verður hátíðin í formi samveru með foreldrum og öðrum góðum gestum og allir nemendur fá afhent viðurkenningarskjal.

Það er mjög mikilvægt að foreldrar taki virkan þátt í verkefninu sem er hægt að gera með því að vera stöðugt góður og áhugasamur áheyrandi við heimalestur og ræða um áherslur og blæbrigði sem skipta máli við allan flutning.

Markmiðið er ávallt að flytja móturmálið sjálfum sér og öðrum til ánægju

Ingibjörg Einarsdóttir, skrifstofustjóri á Skólaskrifstofu Hafnarfjarðar mun hafa umsjón með verkefninu.

Litla upplestrarkeppnin



Viðurkenning

hefur tekið þátt í
Litlu upplestrarkeppninni í 4. bekk
skólaárið 2013-2014.

Bestu þakkir fyrir þátttökuna!

Fyrir hönd Skólaskrifstofu Hafnarfjarðar

Ingibjörg Einarsdóttir



SKÓLASKRIFSTOFA
HAFNARFJARÐAR

Litla upplestrarkeppnin í 4. bekk
Skólaárið 2013-2014

Lokahátíð í apríl 2014

Uppröðun skiptir máli. Allir nemendur sitja/standa á móti gestum, raðað í fallegar raðir, fer eftir fjölda og húsnæði. Þarf að vera nokkuð gott rými svo lesarar njóti sín, séu ekki of nálægt áheyrendum.

Dagskrá

Gestir boðnir velkomnir, getur verið skólastjóri/kennari eða kynnir. Gera þarf grein fyrir Litlu upplestrarkeppninni, hvenær hún hófst í Hafnarfirði/viðkomandi bæjarfélagi og svo í haust og hver markmiðin eru. Ef skólastjóri byrjar þá býður hann kynni að taka við og stýra hátíðinni.

Kynnir stýrir því hvernig nemendur kynna sig eða hann kynnir þá. Það þarf að vera vel æft og heyrast.

Skáld keppninnar eru, Theódóra Thoroddsen, Þórarinn Eldjárn, Sigurbjörn Sveinsson og Kristján Hreinsson.

1. Tónlistaratriði
2. Talnaþula eftir Theódóru Thoroddsen.
3. Þjóðvísur
4. Sagan af Glókolli, fimm fyrstu kaflarnir lesnir, ekki nauðsynlegt að lesa þá hvern á eftir öðrum en gæti verið skemmtilegt.
5. Gestalesari úr 7. bekk, fulltrúi skólans úr Stóru upplestrarkeppninni sem haldin var í mars, gæti t.d. lesið ljóð sem nemandinn flutti á lokahátíðinni.
6. Tónlistaratriði
7. Ljóðið ORÐ eftir Þórarin Eldjárn (eða annað ljóð eftir sama höfund)
8. Þula eftir Theódóru Thoroddsen
9. Ljóðið KURTEISI eftir Kristján Hreinsson

Talnapula

(þar sem stendur *talkór* er hér átt við allan hópinn, gott að leggja áherslu á styrkleika talkórsins).

- Einn lesari: Einn og tveir,
Allir: inn komu þeir,
Einn: þrír og fjórir
Allir: furðustórir,
Einn: fimm, sex, sjö og átta,
Allir: svo fóru þeir að hátta.
Einn: Níu, tíu, ellefu og tólf,
lögðu plögginn sín á gólf,
Allir: svo fóru þeir að sofa
og sína drauma að lofa.
En um miðjan morgun
hún mamma vakti þá,
Einn: þrettán, fjórtán, fimmtán, sextán,
fætur stukku þeir á.
Allir: svo fóru þeir að smala
suður eftir á.
Einn: sautján, átján lambærnar
sáu þeir þá,
nítján voru tvílembdar
torfunum á,
tuttugu sauðirnir
suður við sel.
Allir: Teldu nú áfram
og teldu nú vel.

Þjóðvísur

(Hér er við hæfi að nota breytilegan talkór)

Farðu að sofa fyrir mig
fyrst þú mátt og getur,
eg skal breiða ofan á þig
ofurlítið betur.

Afi minn fór á honum Rauð
eitthvað suður á bæi
sækja bæði sykur og brauð
sitt af hvoru tagi.

Klappa saman lófunum
reka féð úr mounum
tölta eftir tófunum,
tína egg úr spounum.

Blágrá mín er besta ær
ber hún af öllum kindunum
ég sá hana efst í gær
uppi á fjallatindunum.

Sagan af Glókollu

Álfadansinn (1. kafli)

- Lesari 1: Einu sinni voru karl og kerling í koti sínu. Þau áttu einn son. Hann var með glóbjart hár. Þess vegna var hann kallaður Glókollur. Það var eitt kvöld í glaða tunglsljósi að Glókollur kom út á hlað. Sá hann þá hvar margir álfar voru að dansa á stóru svelli, rétt fyrir neðan túnið.
- Lesari 2: Álfadrottningin tók ekki þátt í dansinum. Hún stóð utan við svellið með yndislegt álfabarn á handleggnum. En nú kom álfakóngurinn og hneigði sig fyrir henni. Hún lagði barnið frá sér í snjóinn. Svo fóru þau álfahjónin dansandi út á svellið.
- Lesari 3: Það var unun að horfa á álfana þar sem þeir voru að dansa á svellinu og tunglið skein á hvítu, rauðu, gulu og bláu fötin þeirra. En allt í einu kemur stór og ljót tröllkona. Hún grípur álfabarnið, stingur því í pokann sinn og hleypur burt með það. Þetta sá Glókollur en álfarnir voru að dansa og tóku ekki eftir því.

Glókollur bjargar álfabarninu (2. kafli)

- Lesari 1: Ég skal bjarga álfabarninu hvað sem það kostar, hugsaði Glókollur. Hann hljóp í veg fyrir tröllkonuna og steytti framan í hana hnefana. En hún var nú ekki alveg á því að sleppa álfabarninu. Þá réðst Glókollur á tröllkonuna.
- Lesari 2: En sá bjáni! Hvað hafði hann að gera í krumlurnar á henni? Það er þá best að þú komir í pokann minn líka, sagði tröllkonan.

Hún tók Glókoll og lét hann í pokann hjá álfabarninu. Svo hélt hún áfram og stikaði stórum.

En Glókoll varð ekki ráðafátt. Hann skar stórt gat á pokann með vasahnífnum sínum og stökk út úr honum með álfabarnið í fanginu.

Lesari 3: Hann hljóp nú slíkt er af tók og linnti ekki á sprettinum fyrr en hann kom til álfanna en tröllkonan var alltaf á hælunum á honum, grenjandi af reiði. Hún lagði samt á flóttu þegar hún sá álfana og hvarf bak við leiti.

Lesari 4: Álfadrottningin grét sáran og allir álfarnir voru farnir að leita að barninu hennar. Hún varð fegnari en frá verði sagt þegar Glókollur kom með álfabarnið. Þetta skal ég einhvern tíma launa þér, Glókollur minn, sagði hún, og máttu nefna mig ef þér liggur lítið á.

Glókollur verður hirðmaður (3. kafli)

Lesari 1. Einn góðan veðurdag kemur Glókollur að máli við föður sinn og segir: Ég vil fara langt, langt burt og sjá allan heiminn.

Lesari 2: Móðir hans bjó hann þá út með nesti og nýja skó. Svo fór hann af stað og ferðaðist víða um lönd.

Lesari 3: Það var eitt kvöld að Glókollur sá stóra konungshöll skammt frá veginum. Hann gekk heim að höllinni og bað kóng að lofa sér að vera.

Lesari 4: Kóngur tók vel á móti honum og spurði hvort hann vildi ekki verða hirðmaður hjá sér.

Lesari 5: Jú, það vil ég, segir Glókollur. Dvelur hann nú um hríð hjá konungi í góðu yfirlæti.

Fjóla kóngsdóttir (4. kafli)

- Lesari 1: En nú er að segja frá því að kóngur og drottning áttu eina dóttur. Hún var bláeyg. Þess vegna var hún kölluð Fjóla. Eins og lög gera ráð fyrir komu furstar og kóngssynir úr öllum áttum til að biðja hennar. En hún vildi ekki sjá neinn þeirra.
- Lesari 2: Ég vil engan eiga nema hann Glókoll, sagði hún. Og það var von hún segði það, því að Glókollur var bæði fríður sýnum og hvers manns hugljúfi.
- Lesari 3: En kóngur og drottning voru alltaf að sneypa hana Fjólu fyrir það að hún skyldi vilja Glókoll og engan annan.
- Lesari 4: Nú var það einn fagan vormorgun að Fjóla kóngsdóttir var á gangi í blómagarðinum fyrir utan hallargluggann. Í þessum svifum kemur Glókollur inn í blómagarðinn. Hann gengur rakiðis til Fjólu kóngsdóttur og kyssir hana en hún slítur upp fallega, rauða rós og gefur honum.
- Lesari 5: Í sama bili varð drottningunni litið út um gluggann. Hún hljóðaði upp yfir sig.
- Lesari 6: Hvað gengur nú á? spyr kóngur.
- Lesari 7: Óhræsið hann Glókollur var að kyssa hana Fjólu dóttur okkar, segir drottningin.
- Lesari 8: Það kom heldur en ekki fát á kónginn. Hann lét varpa Glókoll í fangelsi og sagðist víst skyldi láta brenna hann á báli daginn eftir.
- Lesari 9: Þá fór Fjóla að gráta og bað föður sinn að fara ekki svona illa með hann Glókoll. En það var ekki til neins því að kóngur var svo reiður.

Álfadrottningin (5. kafli)

- Lesari 1: Þarna sat nú Glókollur í svartholinu, skjálfandi af ótta og kvíða. Á morgun verð ég að deyja, sagði hann við sjálfan sig, og það er ekkert undanfæri. Það vildi ég að álfadrottningin væri nú komin til að hjálpa mér.
- Lesari 2: Í sama bili stendur álfadrottningin hjá honum og spyr hvað hann vilji sér. Glókollur segir henni þá upp alla söguna.
- Lesari 3: Ertu búinn að læra margföldunartöfluna? spyr álfadrottningin.
- Lesari 4: Æ, því miður! Ég nennti aldrei að læra hana þegar ég var lítill drengur.
- Lesari 5: Þá verður þú að læra hana undir eins, segir álfadrottningin. Svona, nú byrjum við. Hún lét Glókoll þylja alla margföldunartöfluna þangað til hann kunni hana reiprennandi.

.....
En til að vita hvernig fór fyrir Glókoll þá verðum við að lesa næstu kafla í sögunni.

ORÐ

Tveir lesarar:	Orð í eyrum orð á vörum sem við svörum sem við heyrum sem við segjum sem við beygjum.
(bætist við einn lesari)	Orð sem við þyljum orð sem við skiljum.
(einn bætist við)	Orð í breiðum uppi á heiðum. Orð á rangli stök á stangli.
(einn bætist við)	Orð í borgum orð á torgum Orð sem við orgum orð í sorgum
(einn bætist við)	Orðahlátur orðagrátur. Orðagátur orðaslátur.
(einn bætist við)	Orð sem arga orð að garga orð sem bjarga. Orð sem þvarga orð að farga.
(allur hópurinn)	Orð í straumi Orð í flaumi. Orð í laumi Orð í draumi.
(lesið sterkt)	Orð í orði Orð á borði. Orð af orði ORÐAFORÐI

Þula

Lesari 1: Kom ég þar að kveldi
er kerling sat að eldi

Lesari 2: hýsti hún fyrir mig hestinn minn
og hét að lána mér bátinn sinn

Lesari 1: Því langt er til landanna
liggur á milli strandanna.

Lesari 2: Ægir karl með yggldar brár
og úfið skegg á vöngum

Lesari 1: og dætur hans með hrímhvítt hár
hoppa fram af töngum.

Lesari 2: Kitla ég þær með einni ár
þær ybba sig og gretta,

Lesarar 1 og 2: fetta og bretta
froðunni á mig skvetta.

Kurteisi

Ef er ég í einhverjum vafa
og erfið mér kurteisin finnst
þá vil ég í hávegum hafa
þá hugsun sem kostar mig minnst.

Ég sé það ef hógværð ég safna
að samviskan er ekki blind
og hugsun mín hlýtur að dafna
í háttvísri birtingarmynd.

Þótt fjöldanum finnist það skrytið,
þá frábært ég jafnan það tel,
að kurteisi kostar svo lítið
en kemur sér alstaðar vel.

Ágætu umsjónarkennarar í 4. bekkjum

Ég vil byrja á því að óska ykkur gleðilegs sumars og þakka fyrir sérlega ánægjulegt og gefandi samstarf í vetur. Þá er öllum lokahátíðum Litlu upplestrarkeppinnar lokið og ég hef verið svo lánsöm að geta verið viðstödd margar hátíðir. Mér telst til að það hafi verið 18 hátíðir í Hafnarfirði og á Álftanesi þetta vorið.

Nú líður að lokafundi hjá okkur um Litlu upplestrarkeppnina. Ég legg til að við höldum fundinn **mánudaginn 26. maí kl. 15:00 hér á Skólaskrifstofunni**. Þar munum við fara yfir starfið í vetur, hvernig þetta verkefni okkar hefur þróast og hvað við höfum lært af verkefninu og hverju það hefur skilað.

Eins og við ræddum strax í upphafi þá bað ég ykkur að skrá allt hjá ykkur í vetur, hvernig þið skipulögðuð vinnuna, hvað gekk vel og hvað þyrfti hugsanlega að skipuleggja betur. Mér þætti gott að fá þetta frá ykkur eigi síðar en **15. maí** svo ég geti unnið úr því fyrir fundinn. Gott væri að í greinargerðinni væru eftirtalin atriði:

1. Yfirlit yfir skipulagið frá 16. nóvember og fram að lokahátíð.
2. Samstarf við heimilin, kynningar o.fl.
3. Hvernig náðuð þið að flétta verkefnið inn í venjulega lestrarkennslu?
4. Var styrkur í þessu þróunarverkefni við lestrarkennsluna eða truflaði það?
5. Stóð þróunarverkefnið hæfilega langan tíma eða hefði það mátt byrja fyrr eða enda fyrr?
6. Hvernig var staðið að kynningu á lokahátíðinni?
7. Hverjir voru áheyrendur? Er hægt að læra af því?
8. Hvar var hátíðin haldin? Í sal eða inni í stofu?
9. Var notað hljóðkerfi á lokahátíð? Ef svo var er það nauðsynlegt?
10. Var notað púlt á lokahátíðinni?
11. Hver var kynnir á lokahátíðinni?
12. Hvernig gekk að nota talkórinn? Hvaða tilbrigði voru notuð? Tveir og tveir eða stórir hópar o.s.frv.?
13. Var fylgt dagskránni sem IE sendi út í stórum dráttum? Tímalengd á hátíðinni.

14. Var einhverju sleppt? Hverju ef svo var?
15. Komu gestalesarar úr 7. bekk?
16. Var eitthvað í lesefninu sem var of þungt? Eða of létt?
17. Hafðir þú gagn af fundunum í október og janúar?
18. Er þörf á lengri námskeiðum varðandi framsögn og munnlega tjáningu?
19. Telur þú að Litla upplestrarkeppnin sé komin til að vera?
20. Og svo allt annað sem þér finnst nauðsynlegt að taka fram.

Samantekt úr greinargerðum

allra kennara sem tóku þátt í Litlu upplestrarkeppninni skólaárið 2013 – 2014.

1. Yfirlit yfir skipulagið frá 16. nóvember og fram að lokahátíð.

Verkefnið var kynnt á degi ísl. tungu bæði fyrir nemendum og foreldrum. Æfðum reglulega upplestur við púlt, ljóð og texta. Bæði heimavinna og í skólanum. Mikil áhersla á framsögn og tjáningu. Leiðbeiningar sendar heim reglulega. Æfingar tíðari eftir því sem á leið ræktunartímabilið. Fengum aðstoð frá verkefnisstjóra í markvissri málörvun.

Nemendur fluttu ljóðið Grýlusaga á jólamorgunstund með talkór. Sögur og textar lesnir upp við hin ýmsu tækifæri. Púltæfingar, og ávallt voru boðorðin sjö höfð til hliðsjónar. Æfingar fyrir lokahátíðina, uppsetning og efnið æft á sal. Framsagnarpróf í vikunni eftir lokahátíðina. Framsagnarmat fer heim í námsmatsmöppu í júní.

Snemma hausts var nemendum í 1. bekk boðið í heimsókn þar sem við fluttum frumsamdar sögur við mikla ánægju. Með sögunum sýndum við glærumyndir sem nemendur útbjuggu sjálfir. Fyrstu bekkíngum fannst mjög merkilegt að sögunar skyldu fluttar frá púlti!!

Dagskrá flutt fyrir vistmenn á Sólvangi og var góður rómur gerður að.

Fram að áramótum æfðum við framsögnina einkum með upplestri á ljóðum og þeirra eigin sögum. Krakkarnir lásu oft upphátt í 4-5 manna hópum.

Þjálfun fer fram í gegnum Talað/hlustað í Vörðum og vegvísar.

2. Samstarf við heimilin, kynningar o.fl.

Kynningarbréf í upphafi. Heimaverkefni í hverri viku og gert ráð fyrir flutningi fyrir foreldra. Foreldrar kvittuðu þegar barnið þeirra hafði flutt ljóð, texta eða þulu. Lögð mikil áhersla á þátt foreldra í þessu verkefni. Foreldrar tóku þessu afar vel.

Að þessu sinni var ekki mikið samstarf við heimilin og enn er það V.V.

Æfingar voru í samstarfi við foreldra, upplýsingar um framvindu mála komu fram á vikuáætlunum og nemendur bjuggu í lokin til fallett boðskort sem sent var heim fyrir keppnina.

3. Hvernig náðuð þið að flétta verkefnið inn í venjulega lestrarkennslu?

Textarnir sem nemendur æfðu sig á auka fjölbreytni í lestrarefni fyrir nemendur. Gott að samtvinna við ljóðakennslu. Góð æfing, eykur fjölbreytni. Nemendur byrjuðu oft daginn á yndislestri. Lásu upp ritunarverkefni sem unnin voru heima og æfðu sig í upplestri og framsögn. Gekk mjög vel að flétta verkefnið inn í lestrarnámið. Nemendur lásu oftast heima sem er mikill kostur, fjölbreyttara lestrarefni. Í samlestrartímum var lögð rík áhersla á góða framsögn og höfð til hliðsjónar “boðorðin 7”. Námsefnið “Við lesum meira saman” og “Sögusteinn” hentuðu mjög vel til þessa. Við gerðum ávallt ráð fyrir keppninni í skipulagi markvissrar málörvunar í upphafi skólaárs.

4. Var styrkur í þessu þróunarverkefni við lestrarkennsluna eða truflaði það?

Öll þjálfun styður við lestrarkennsluna, gott að fá góða texta. Við teljum verkefnið verulegan styrk við lestrarkennsluna. Tvímælaust styrkur, því mikilvægt er að nemendur fái innsýn í mismunandi lestrartexta sem og flutning á slíkum textum. Þar sem nemendur tileinkuðu sér “boðorðin 7” og urðu fyrir vikið mun meðvitaðri um gildi góðrar framsagnar, var þetta verkefni mikill styrkur við lestrarnámið. Mjög gaman var að fylgjast með hversu skemmtilega mörg þeirra lásu upp og urðu hin betri hlustendur fyrir vikið. Mikill styrkur, nemendur urðu öruggari í að koma fram og tók feimnina af mörgum. Góð æfing og mikil áhersla á blæbrigði sem gekk ótrúlega vel. Aukinn styrkur í að koma fram. Gott að hafa góðan tíma til að æfa sig og við fundum að nemendur sem eru slakari fengu meira öryggi við að æfa sig vel heima. Margir nemendur lærðu líka textana utan að sem við lögðum líka á herslu á í ákveðnum ljóðum.

5. Stóð þróunarverkefnið hæfilega langan tíma eða hefði það mátt byrja fyrr eða enda fyrr?

Þar sem verkefnið fellur vel að VV fer þjálfun fram allt skólaárið. Gaman að nota dag ísl. tungu til að hefja undirbúning en þetta fór rólega af stað en jókst eftir því sem nær dró.

Verkefnið stóð í hæfilega langan tíma. Við hefðum þó alveg ráðið við að vinna það á skemmri tíma, t.d. frá áramótum fram að lokahátíð í apríl. Verkefnið mætti jafnvel byrja fyrr og standa í styttri tíma og enda á degi ísl. tungu. Tíminn eftir áramót oft þétt setinn af öðrum stórum og tímafrekum verkefnum og prófum og einnig hefur páskafríð áhrif. Verkefnið stóð í hæfilega langan tíma en það er í höndum hvers og eins kennara að nýta tímann sem best. Já, verkefnið stóð yfir í hæfilega langan tíma, æfingar fóru hægt af stað en voru þéttar í lokin sem var gott. Tímalengdin góð, kostur að hver skóli fékk að ráðstafa tímanum á sinn hátt.

6. Hvernig var staðið að kynningu á lokahátíðinni?

Sendur póstur til foreldra og einnig útbjuggu nemendur boðskort. Á eftir var foreldrum boðið til samverustundar. Kynning líka sett í vikuáætlun. Nemendum í þriðja bekk boðið á lokahátíðina.

7. Hverjir voru áheyrndur? Er hægt að læra af því?

Foreldrar/forráðamenn, systkini, afar og ömmur og nemendur í þriðja bekk. Stjórnendur skólans, nemendur í þriðja bekk og kennarar þeirra, sérkennari, Ingibjörg af Skólaskrifstofu. Það má helst læra af þessu að rétt er að benda foreldrum og öðrum ættingjum á að hafa ekki ungbörn með á keppnina þar sem töluverð trúfun varð af þeim sökum.

8. Hvar var hátíðin haldin? Í sal eða inni í stofu?

Hátíðin var haldin inni í stofu. Í fyrirlestrarsal skólans. Haldin í sal skólans sem er stór. Hátíðinni var tvískipt þar sem nemendahópurinn telur 96. Mæting var mjög góð.

Lesarar sátu á stólum begga vegna sviðsins gegnt áhorfendum. Hátíðin haldin í bekkjarstofunni og nemendur tóku vel til fyrir hátíðina og allt gert fínt fyrir viðburðinn. Hátíðin haldin í hátíðarsal skólans. Hver bekkur hélt sína hátíð þar og hátíðirnar byrjuðu kl. 8:30.

9. Var notað hljóðkerfi á lokahátíð? Ef svo var er það nauðsynlegt?

Já, í flestum tilfellum en ekki í talkór. Komumst að því eftir fyrstu hátíðina að betra er að nota ekki "statíf" fyrir hljóðnemann. Nauðsynlegt að nota hljóðkerfið.

Ekki notað hljóðkerfi, engin þörf var á því. Hver nemandi steig eitt skref fram þegar hann las og skapaðist við það aukin áhersla. Við notuðum hljóðkerfi enda hátíðin haldin á sal skólans og hljóðkerfið er mjög gott. Það jók öryggi nemenda og gerði það að verkum að framsögn allra barst til áheyrenda.

Við notuðum ekki hljóðkerfi að þessu sinni, töldum það ekki nauðsynlegt þar sem við vorum svo mikið með talkóra. En betra ef einn og einn les upp.

Hljóðkerfið ekki notað að þessu sinni því hátíðirnar voru í bekkjarstofu.

10. Var notað púlt á lokahátíðinni?

Já, eitt púlt. Púlt notað þar sem sem það átti við. Ekki púlt. Ekki í þetta sinn því við notuðum svo mikið talkórana. Púlt var notað.

11. Hver var kynnir á lokahátíðinni?

Einn úr nemendahópnum var kynnir. Mismunandi eftir bekkjum, annars vegar voru það nemendur sjálfir sem kynntu og hins vegar umsjónarkennari. Deildarstjóri bauð gesti velkomna og setti hátíðina. Tveir nemendur í hverjum bekk, ein stúlka og einn drengur. Umsjónarkennari kynnti dagskrárliðina í byrjun. Skólastjóri setti hátíðina og sagði frá upphafi hennar og talaði um ýmislegt varðandi lestur og læsi. Síðan tóku nemendur við sem kynnar.

12. Hvernig gekk að nota talkórinn? Hvaða tilbrigði voru notuð? Tveir og tveir eða stórir hópar o.s.frv.?

Það gekk mjög vel að nota talkóra, þeir voru af ólíkum stærðum og með ólíku sniði.

Stundum tveir og tveir, stækkandi hópar, kynjaskiptir og svo allur hópurinn.

Við vorum með allt frá einum lesara og upp í 50 nemendur í Talnaþulunni þar sem kórinn svaraði þeim nemenda sem las upp. Mjög mörg tilbrigði komu fram við kvæðið Orð af orði. Það gekk mjög vel að nota talkórinn enda var búið að nota hann mikið við æfingar.

Það gekk mjög vel að nota talkórinn og komum við til með að nota hann áfram við kennslu. Talkórinn notaður á fjölbreyttan hátt.

Talkórinn var svo skemmtilegur og gekk vel að nota hann, notaður í ýmsum myndum.

Talkórinn gerði mikla lukku. Við vorum bæði með einn leiðanda og tvo og tvo.

Notuðum hann mikið allan tímann. Mikið notaður, bæði margir saman og í pörum.

Einnig prófuðum við að kynskipta talkórnum og það kom mjög vel út.

13. Var fylgt dagskránni sem IE sendi út í stórum dráttum? Tímalengd á hátíðinni.

Dagskránni var alveg fylgt og reyndist hún góður stuðningur. Hátíðin hjá okkur stóð í 35 mínútur. Síðan samverustund með foreldrum. Dagskránni fylgt og tímaáætlun stóðst.

Dagskránni algerlega fylgt og gott að fá þetta svona upp í hendurnar. Dagskránni fylgt í stórum dráttum. Lesefnið var nokkuð gott, við gátum skipt þessu niður eftir því hvar börnin eru stödd í lestrinum.

14. Var einhverju sleppt? Hverju ef svo var?

Engu sleppt. Við slepptum engu, vorum með þrjú tónlistaratriði í stað tveggja. Tveir bekkir slepptu Talnaþulunni, annars allt efni notað.

15. Komu gestalesarar úr 7. bekk?

Já, gestalesarar komu úr 7. bekk og fluttu ljóð. Við fengum varamann skólans í Stóru upplestrarkeppninni til að koma á allar hátíðirnar, mjög góð fyrirmynd fyrir nemndur. Til stendur að gera þetta að föstu hlutverki varamanns Stóru upplestrarkeppinnar. Vinningshafar okkar í Stóru upplestrarkeppninni komu á hátíðina og fluttu ljóð. Við vorum ekki með gestalesara því 7. bekkur var í prófi.

16. Var eitthvað í lesefninu sem var of þungt? Eða of létt?

Lesefnið mjög hæfilegt og skemmtilegt. Nemendur réðu vel við textann. Við vorum mjög ánægðar með dagskrána og verkefnin. Ekkert var of létt. Fyrir sum börnin var textinn hins vegar tyrfinn fyrir þau sem glíma við sínar raskanir og aðra erfiðleika og nemanda sem er tvítyngdur. Lesefnið var vel við hæfi.

17. Hafðir þú gagn af fundunum í október og janúar?

Fundirnir voru mjög gagnlegir að okkar mati. Við missstum reyndar af fundinum í október en deildarstjórinn okkar mætti. Það er gott að hittast og heyra hvernig hinir skólarnir eru að útfæra æfingar og svo hátíðina sjálfa.

Báðir fundirnir mjög gagnlegir og lærdómsríkt að hitta aðra kennara sem eru að vinna að sama verkefni. Komumst því miður ekki á janúarfundinn en gott að fá senda dagskrá og verkefnin. Já, þeir voru upplýsandi og fræðandi. Sérstaklega var áhugavert að heyra hvað aðrir kennarar eru að gera. Gott að fá hugmyndir og gaman að segja frá því sem við erum að gera.

18. Er þörf á lengri námskeiðum varðandi framsögn og munnlega tjáningu?

Nei, ekki finnst okkur það. Já, það mætti gjarnan bjóða upp á námskeið.

Nei, ekki hvað okkur við kemur en þessir fundir eru alveg nauðsynlegir og allt mjög skýrt framsett.

Við teljum að fundirnir og fræðslan sem við fengum hafi verið fullnægjandi.

Ekki þörf á frekari námskeiðum hér, búum að mikilli reynslu og höfum aðgang að mikilli hefð fyrir framsögn og tjáningu.

19. Telur þú að Litla upplestrarkeppnin sé komin til að vera?

Já, svo sannarlega, einstaklega skemmtilegur viðburður og góð æfing sem nýtist nemendum og kennurum mjög vel.

Já, ekki spurning, gott og gagnlegt verkefni.

Já, tvímælalaust er hún það. Hingað komu gestir úr Reykjavíkurskóla daginn eftir keppnina og fengu meðal annars að fylgjast með upplestri nemenda úr 4. bekk. Þeir voru mjög áhugasamir um keppnina og höfðu áhuga á þátttöku.

Þetta er verðugt verkefni sem á fullan rétt á sér. Það skapar fjölbreytni og hnykkir á atriðum sem eru mjög mikilvæg eins og t.d. "boðorðunum 7". Keppnin er komin til að vera. En mikilvægt að staðsetja hana þannig í tíma að hún valdi ekki truflun og auknu álagi á framvindu annars námsefnis og vinnu kennara. Í skóla án aðgreiningar getur svona verkefni auðveldlega valdið miklu álagi og sett skipulag úr skorðum.

Já, þetta er mjög skemmtilegt verkefni sem gaman er að taka þátt í. Nemendur höfðu bæði gagn og gaman að.

Bæði kennarar og nemendur höfðu gagn og gaman af undirbúningi og framkvæmd Litlu upplestrarkeppninnar og teljum við að það sé mjög þarft að halda henni áfram.

Við vonum að hún sé komin til að vera en hvetjum til að þetta heiti ekki keppni heldur hátíð.

Okkur finnst 4. bekkur kjörinn aldur fyrir þetta verkefni. Á þeim aldri eru flestir nemendur búnir að ná ágætum lestrarhraða og móttækilegir fyrir kennslu í blæbrigðalestri. Keppnin ýtir undir áhuga og vekur athygli á þeim hluta lestrarnámsins.

20. Og svo allt annað sem þér finnst nauðsynlegt að taka fram.

Takk fyrir okkur, þetta var gott og þarft verkefni.

Mér fannst gott að koma því að hjá foreldrum og nemendum að í hugtakinu keppni felst margt gott og í þessu verkefni erum við bara að keppa að því að verða betri í dag en í gær. Takk fyrir að opna augu mín einmitt fyrir þessu, ég var föst í að keppni væri alltaf að verða betri en einhver annar. Ég er eiginlega viss um að ég er betri kennari eftir að hafa tekið þátt í þessu verkefni.

Þegar upp er staðið er verkefnið skemmtilegt, eykur fjölbreytni bæði við námið í skólanum og samstarfið við foreldra. Börnin höfðu bæði gagn og gaman af og stóðu uppi sem litlir sigurvegarar eftir upplesturinn.

Eins og við höfum áður sagt þá er alltaf gott og gaman að takast á við nýja hluti.

Framsögnin var tekin fastari tókum með þessu ferli og nemendum fer að finnst þetta sjálfsagður hlutur að koma upp í púlt og lesa eða flytja ljóð og þulur.

Við vildum leggja til að nafninu verði breytt í Litlu upplestrarhátíðina. Nafnið vakti upp spurningar, bæði hjá foreldrum og börnunum.

Foreldrar hafa haft samband til að þakka sérstaklega fyrir þetta framtak.

Ef eitthvert verkefni er kjörið til að efla samskipti heimilis og skóla þá er það Litla upplestrarkeppnin.

Vildi láta það koma sérstaklega fram að talkórinn er algerlega frábær og ég hefði betur notað hann fyrir í minni kennslu.

Setur hátíðlegan blæ á lokahátíð að fá þig til að afhenda viðurkenningarskjölin.

Takk fyrir gott samstarf í vetur, vonandi tekst okkur að koma þessu á í Garðabæ!

